

Nd.

227. Frumvarp til laga

[160. mál]

um breyting á lögum nr. 67 frá 20. apríl 1971, um almannatryggjigar.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Í stað 1. mgr. 11. gr. almannatryggingalaga komi:

Rétt til ellilífeyris eiga þeir, sem orðnir eru 67 ára eða eldri og átti hafa lögheimili hér á landi a. m. k. 3 almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs.

Þó skulu þeir, sem gert hafa sjómennsku að ævistarfi og stundað sjómennsku í 35 ár eða lengur, öðlast fullan rétt til ellilífeyris, er þeir hafa náð sextugsaldri.

Nú hefur maður stundað sjómennsku sem aðalstarf í 40 ár, og á hann þá rétt á tvöföldum ellilífeyri, er hann hefur náð sextugu.

Fullan ellilífeyri ber einnig að greiða ekkjum, er þær verða 60 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allt frá því að almannatryggingar hófu starfsemi sína hér á landi, hefur réttur til ellilífeyris verið bundinn við 67 ára aldur. Þetta er þó engan veginn hið eina sjálfsagða aldursmark, er miða beri við réttinn til ellilífeyristöku. Allt eins gæti komið til greina 65 ára aldursmark sem almenn regla, ef menn teldu þjóðfélagsgetu gera slíkt kleift. Þá er það engan veginn sjálfgefið, að sama aldursmark skuli gilda fyrir allar starfsstéttir. Má henda á, að víða erlendis fá námumenn t. d. ellilífeyri miklu fyrr en aðrar starfsstéttir. Í þessu tilfalli vill flm. þessa frv. líta á sjómenn sem okkar „námumenn“.

Í frumvarpinu er ekki breytt almennu reglunni um 67 ára aldursmarkið, heldur lagt til, að það haldist óbreytt enn um sinn.

Hins vegar er í frumvarpinu gert ráð fyrir tveimur undantekningum frá almennu reglunni: Þeirri fyrst, að menn, sem gert hafa sjómennsku að ævistarfi og verið 35 ár eða lengur á sjónum, öðlist fullan rétt til ellilífeyris, er þeir verða 60 ára. Þetta er hugsað sem sérstök viðurkenning af þjóðfélagsins hendi til þeirra manna, sem allt frá æskuárum hafa stundað erfið og áhættusöm störf fjarri heimilum sínum við undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar og eru oftast orðnir slitnir menn, þegar 50—55 ára aldri er náð. Ætti að vera óbarft að fara um það fleiri orðum.

Um þá menn, sem starfað hafa 40 ár eða lengur á sjónum, þarf naumast heldur að fiölyrða. Þeir eiga vissulega fárra kosta völ. Þegar á land er komið, og væri næsta ósæmilegt að ætla þeim að draga fram lífið á einföldum ellilífeyri. Fyndist flm. það viðurkenning í allra rýrasta lagi fyrir slíkt ævistarf. Þess vegna er lagt til, að þeir eigi rétt á tvöföldum ellilífeyri.

Hin undantekningin frá almennu reglunni varðar ekkjurnar. Þeirra þjóðfélagsaðstaða er þannig, að flestir munu fallast á réttmæti og nauðsyn þess, að samfélagið létti undir með þeim á einhvern hátt, er aldur færir yfir þær. Möguleikar þeirra á atvinnusviðinu eru sjaldnast miklir eða margbreytilegir, eftir að sextugsaldri er náð. Þess vegna telur flm. rétt, að ekkjur nióti einnig undantekningar frá almennu reglunni um ellilífeyrisrétt frá 67 ára aldri.

Með því að sveigja á þann hátt, sem frumvarpið gerið ráð fyrir, í tveimur tilvikum frá hinu allt of einstrengingslega 67 ára aldursmarki varðandi ellilífeyri, eru tekin mannleg tillit, sem sómi væri að að lögfesta á Íslandi, og þó er víst, að það hefur ekki meiri kostnað í för með sér en svo, að íslenskt þjóðfélag fær vel undir því risið.

Flm. hefur fyrir nokkrum árum flutt frv. samhljóða þessu. Að því sinni fékk það ekki náð fyrir augum Alþingis, og skal því enn reynt að fá þessa sanngjörnu og sjálfsögðu umbót á tryggingalöggjöfinni lögfesta.